

Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2007-2008

Flutt á aðalfundi félagsins 5. febrúar 2008

39. starfsár

Nýliðið starfsár hefur verið viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Skýrslutæknifélagsins á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, jafnframt því að reka félagið með hagnaði. Þessi markmið náðust auk þess sem efla tókst faglegt starf félagsins á einstökum fagsviðum, s.s. á sviði fjarskiptamála. Skýrslutæknifélagið á nú fulltrúa í nýstofnuðu fjarskiptaráði. Það er því alveg ljóst að félagið er áfram í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, gæði atburða eru góð og rekstrargrundvöllur félagsins er góður og stöðugur.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað milli ára og eru félagar nú 886 talsins. Það er verkefni nýrrar stjórnar að fjölga félögum enn meira á komandi starfsári. Á árinu 2007 voru stofnaðir tveir nýir faghópar, faghópur um fjarskiptamál þann 23. mars 2007 og faghópur um öryggismál þann 10. október 2007.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2007-2008:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Magnús Hafliðason, varaformaður
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri
Jón Heiðar Þorsteinsson, meðstjórnandi
Ásrún Matthíasdóttir, meðstjórnandi
Einar H. Reynis, varamaður og ritari
Eggert Ólafsson, varamaður

Stjórnin hélt 14 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

1. Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir samtals 24 atburðum á árinu. Haldnar voru átta ráðstefnur og fjórir hádegisverðarfundir ásamt átta fundum sem tengdust faghópastarfi beint. Sjá yfirlit um atburði félagsins í viðauka með þessari skýrslu.

Faghópar voru mjög virkir við ráðstefnu- og fundahald og voru atburðir félagsins yfirleitt vel sóttir. Alls tóku 894 manns þátt í atburðum félagsins.

2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Ritstjórn hélt 21 fund á liðnu ári. Tölvumál kom út á pappír í janúar 2007 og svo í júlí 2007 og voru allar greinarnar frumsamdar fyrir blöðin. Ritnefnd hefur unnið að því að safna greinum og efni fyrir afmælisrit félagsins og mun það koma út í febrúar 2008. Fyrrum formaður ritnefndar og stjórnarmaður Ský, Einar H. Reynis, hefur síðan séð til þess að nýjar fréttir úr upplýsingatæknigeiranum birtast daglega á vef félagsins sem er sannarlega þakkarvert.

3. Orðanefnd

Starf Orðanefndar hefur verið með hefðbundnu sniði sl. ár. Engin skýrsla liggur fyrir fyrir fundinum frá Orðanefnd.

4. Faghópar

Faghópar Ský eru:

1. Faghópur um árangursríka vefstjórn, formaður er Gunnar Grímsson, félagar eru 43
2. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 98
3. Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 32
4. UT-konur, formaður er Þóra Halldórsdóttir, félagar eru 105
5. Fjarskiptahópur, formaður er Sæmundur E. Þorsteinsson, félagar eru 43
6. Öryggishópur, formaður er Svavar Ingi Hermannsson, félagar eru 43

5. ECDL - tölvuökuskírteini

Á liðnu ári voru gefin út 156 ný hæfnisskírteini, en það er 20 skírteinum færri en árið á undan. Jafnframt útskrifðust 117 með fullgild ECDL-skírteini (e. European Computer Driving Licence). Prófmíðstöðvar eru nú fimm talsins. Alls hafa verið gefin út 1291 hæfnisskírteini og samtals hafa 812 útskrifast frá upphafi árið 2000. Í stuttu máli má segja að tölvuökuskírteinið hafi gengið vel á árinu.

6. Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT, en á ekki lengur fulltrúa í stjórn fagráðsins. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í nýstofnað fjarskiptaráð samgönguráðuneytisins.

7. Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári, m.a. í tengslum við þróun ECDL og sótti framkvæmdastjóri einn fund á vegum ECDL-Foundation.

8. Afkoma félagsins

Í lok ársins 2007 er hreinn hagnaður félagsins 701.970 kr.

Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 39 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Í mars 2008 verður félagið 40 ára og verður þeirra tímamóta minnst með hanastéli 28. mars nk. á Hilton Nordica hótelinu kl. 17-19. Öllum félögum Ský er boðið þangað ásamt vinum og velunnurum félagsins.

Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Laugavegi 178, þar sem að jafnaði starfa tveir starfsmenn. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfboðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Nú verður nokkur endurnýjun í stjórn félagsins. Tveir reynslumiklir stjórnarmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Á hinn bóginn hefur nýtt og efnilegt stjórnarfólk gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins og eru miklar væntingar bundnar við að með því komi nýjar hugmyndir og kraftur sem eflt geti félagið enn meira.

Árið 2008 verður ár breytinga hjá Skýrslutæknifélaginu. Félaginu var í lok síðasta árs sagt upp húsnæði sínu og hefur síðan staðið yfir leit að hentugu húsnæði. Mikill áhugi hefur verið í stjórn félagsins á því að flytja starfsemi þess inn í Vísindagarða Háskóla Íslands, en það húsnæði verður ekki tilbúið fyrr en í fyrsta lagi árið 2010. Þessum áformum hefur nú verið ýtt til hliðar að sinni. Félaginu býðst hins vegar að flytja starfsemi sína í Verkfræðihúsið við Engjateig 9. Þar eru fyrir nokkur skyld félög, m.a. Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga, Tæknifræðingafélag Íslands, Kjarafélag tæknifræðinga, Arkitektafélag Íslands og Verkefnisstjórnunarfélagið. Til stendur að Skýrslutæknifélagið fái þarna tæplega 60 m² gott skrifstofuhúsnæði á 2. hæð hússins ásamt aðgangi að 80-90 manna ráðstefnusal og fundarherbergjum af mismunandi stærðum. Til stendur að endurnýja anddyri og stigagang hússins og gera það meira aðlaðandi.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim Eggerti Ólafssyni og Einari H. Reynis sem nú hverfa úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Einar hefur starfað í stjórn félagsins um 9 ára skeið, tvö ár þar á undan í ritstjórn félagsins, samtals 11 ár. Lengst af hefur Einar verið bæði í stjórn og ritstjórn, 9 ár í ritstjórn Tölvumála, þar af í 8 ár sem ritstjóri. Eggert hefur starfað í stjórn félagsins í alls 11 ár, þar af 3 ár sem formaður á undan mér.

Kæru Eggert og Einar. Ykkur eru báðum færðar bestu þakkir fyrir sérlega ánægjulegt og gott samstarf á liðnum árum.

Loks vil ég geta þess að Sóley Jensdóttir, ritari á skrifstofu félagsins hefur ákveðið að breyta um starfsvettvang og hættir störfum hjá félaginu nú um miðjan febrúar. Sóley hefur starfað hjá Skýrslutæknifélaginu í 7 ár og fyrir hönd félagsins þakka ég henni vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Við starfi Sóleyjar tekur Guðbjörg Baldvina Karlsdóttir og býð ég hana hjartanlega velkomna til starfa.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,
Svana Helen Björnsdóttir, formaður.

Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2007 var 39. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 886 í lok starfsárs.

Stjórn

Aðalfundur var haldinn 8. febrúar 2007.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2007-2008:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður
Magnús Hafliðason, varaformaður
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri
Jón Heiðar Þorsteinsson, meðstjórnandi
Ásrún Matthíasdóttir, meðstjórnandi
Einar H. Reynis, varamaður og ritari
Eggert Ólafsson, varamaður

Haldnir hafa verið 14 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

Fjármál

Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 701.970. Barði Ingvaldsson endurskoðandi hjá Deloitte hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins, en félagskjörnir endurskoðendur eru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

Útgáfumál

Ritstjórn hélt 21 fund á starfsárinu. Fjöldi smáfrétta voru birtar á vef félagsins sem eru endurnýjaðar nánast alla virka daga. Tölvumál voru gefin út í janúar og júlí. 1. tölublað var að þessu sinni helgað rafrænni þjónustu hins opinbera og 2. tölublað hafði hugbúnaðargerð í brennidepli. Í blöðunum tveimur voru samtals 6 viðtöl og 35 greinar.

Ritstjórn skipa núna:

Þorvarður Kári Ólafsson
Jón Heiðar Þorsteinsson
Ásrún Matthíasdóttir
Guðmundur Pálsson
Elín Gränz
Kristín Sólveig Kristjánsdóttir
Ágúst Valgeirsson

Nefndir

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður
Örn Kaldalóns
Baldur Jónsson
Þorsteinn Sæmundsson

Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður
Snorri Agnarsson
Gunnar Linnet
Heimir Sigurðsson, varamaður

Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:

Eggert Ólafsson
Einar H. Reynis, varamaður

Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:

Svana Helen Björnsdóttir
Arnaldur F. Axfjörð, varamaður

Nefnd forsætisráðuneytis um þróun upplýsingasamfélagsins, fulltrúi Ský:

Svana Helen Björnsdóttir

Fjarskiptaráð, fulltrúi Ský:

Sæmundur E. Þorsteinsson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði og fjórir faghópar.

Ráðstefnur og fundir

1. Hádegisfundur, Engar bylgjur, ekkert samband, haldinn 16. janúar, þátttakendur 69.
2. Hádegisverðarfundur, Rafræn auðkenni og öryggismál á Netinu haldinn 28. feb, þátttakendur 98.
3. Heilds dagsráðstefna, Ráðstefna um háhraða fjarskipti í dreifbýli, haldin 4.mái, þátttakendur 53.
4. Hádegisfundur, Hvernig hagnýta íslensk fyrirtæki útvistun, haldin 30. maí, þátttakendur 76.
5. Hálf dagsráðstefna, Netþjónabú: Valkostur við álver? 6. sept., þátttakendur 67.
6. Heilds dagsráðstefna, Paving for eFuture, haldin 13. sept., þátttakendur 46.
7. Hálf dagsráðstefna, Upplýsingatæknin – á leið úr landi?, haldinn 2. okt., þátttakendur 63.
8. Hádegisfundur, Heimur hakkara, haldinn 10. okt., þátttakendur 58.
9. Hálf dagsráðstefna, Netið í vasanum, haldin 30. október, þátttakendur 77.
10. Hálf dagsráðstefna, Hugbúnaðargerð á krossgötum, haldin 20. nóvember, þátttakendur 124.
11. Hálf dagsráðstefna, Upplýsingatækni og öryggi sjúklinga haldin 29. nóvember, þátttakendur 57.
12. Hálf dagsráðstefna, Umbreyting Internetsins, haldin 6. desember, þátttakendur 72.
13. Hádegisfundur, Hvað er spunið í opinbera vefi 2007, 13. desember, þátttakendur 111.

Aðrir fundir sem haldnir voru á vegum félagsins:

14. Skýrslufundur (aðalfundur) öldungadeildar haldinn 17. janúar 2007, þátttakendur 9
15. Árbítur á vegum UT-kvenna um Félagslega tölvutækni, haldinn 21. mars 2007, þátttakendur 25.
16. Stofnfundur faghóps um fjarskiptamál, haldinn 23. mars 2007, þátttakendur 51.
17. Málþing á vegum Fókus, haldið 29. mars 2007, þátttakendur 60.
18. Málþing á vegum Fókus, haldið 10. maí 2007, þátttakendur 30.
19. Félagsfundur öldungadeildar, haldinn 20. september 2007, þátttakendur 6.
20. Fókus fundur, haldinn 11. október 2007, þátttakendur 25.
21. Fundur UT-kvenna um draumavinnustaðinn, haldinn 20. nóv. 2007, þátttakendur 24
22. Ársfundur Fókus, haldinn 29. nóv. 2007, þátttakendur 57.

Þátttakendur á hefðbundnum fundum og ráðstefnum félagsins voru 971 talsins á árinu en það er fækkun um 398 frá árinu áður. Ef taldir eru með aðrir fundir þá voru þátttakendur samtals 1258.

Starfsmenn félagsins á árinu 2007 voru Hólmfríður Arnadóttir framkvæmdastjóri og Sóley Jensdóttir á skrifstofu.